



## **NÝTT UMFERÐARLÍKAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS Rannsóknarverkefni fyrir Vegagerðina 2006**

**Umferðarspá 2024  
Framhald rannsóknarverkefnis frá 2005**

Apríl 2007

# **NÝTT UMFERÐARLÍKAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS**

## **Rannsóknarverkefni fyrir Vegagerðina 2006**

**06152**

S:\2006\06152\la\Skýrsla.doc

Apríl 2007

1.	<b>SAMANTEKT</b>	5
2.	<b>INNGANGUR</b>	7
3.	<b>MARKMIÐ VERKEFNISINS</b>	11
4.	<b>ALMENNT UM UMFERÐARLÍKÖN</b>	12
5.	<b>FRAMBOÐ</b>	13
5.1	<i>Gatnanet</i>	13
5.2	<i>Beygjubönn</i>	15
5.3	<i>Reitir og reitategingar</i>	15
6.	<b>EFTIRSPURN</b>	17
7.	<b>SPÁHLUTI 2024</b>	18
7.1	<i>Ferðamyndun - útreikningar</i>	18
7.1.1	<i>Skipulagstölur</i>	18
7.2	<i>Ferðadreifing og álagsreikningar</i>	19
8.	<b>ÁREIÐANLEIKI FRAMTÍÐARSPÁR</b>	20
9.	<b>PIVOT AÐFERÐ</b>	22
9.1	<b>NIÐURSTÖÐUR</b>	25
10.	<b>STÖRF Í STAÐ FERMETRA ATVINNUHÚSTNÆÐIS</b>	30
11.	<b>LOKAORÐ</b>	31
12.	<b>HEIMILDIR</b>	31
	<b>VIÐAUKI 1: Skipulagstölur</b>	32
	<b>VIÐAUKI 2: Samanburður við sniðtalningar</b>	36
	<b>VIÐAUKI 3: Kort af umferðarflæði og reitaskiptingu</b>	37



## TÖFLUSKRÁ

Tafla 1: Samanburður á umferðarflæði í sniði 1 .....	6
Tafla 2: Samantekt framboðs eftir mismunandi líkönum .....	16
Tafla 3: Fjölgun í m <sup>2</sup> atvinnuhúsnæðis á hvern íbúa .....	20
Tafla 4: Útreikningur á ofmati ferða .....	20
Tafla 5: Ferðafjöldi fyrir og eftir leiðréttingu og Pivot aðferð .....	21
Tafla 6: Sýnir 8 möguleg tilfelli í pivot aðferð .....	23
Tafla 7: Átta tilfelli fyrir fylkin B, S <sub>2004</sub> og S <sub>2024</sub> : .....	24
Tafla 8: Fjöldi dálka í hverju tilfelli .....	24
Tafla 9: Sýnir hvernig pivot aðferðinni er beitt í þessu verkefni. .	25

## MYNDASKRÁ

Mynd 1: Uppbygging umferðarlíkans höfuðsv., fyrstu tveir hl... 17	17
Mynd 2: Flæðirit fyrir gögn og uppb. líkans fyrir árið 2024 .....	18
Mynd 3: Samanburður á umferðarflæði í sniði 1.....	26
Mynd 4: Samanburður á umferðarflæði í sniði 2.....	26
Mynd 5: Samanburður á umferðarflæði í sniði 4.....	27
Mynd 6: Samanburður á umferðarflæði í sniði 5.....	27
Mynd 7: Samanburður á umferðarflæði í sniði 6.....	28
Mynd 8: Samanburður á umferðarflæði í sniði 7.....	28
Mynd 9: Samanburður á umferðarflæði í sniði 8.....	29
Mynd 10: Samanburður á umferðarflæði í sniði 9.....	29



## 1. SAMANTEKT

### Bakgrunnur

Það verkefni sem hér eru gerð skil, er unnið í beinu framhaldi af rannsóknarverkefninu “Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins” frá febrúar 2006. Það er unnið í samvinnu við Auði Þóru Árnadóttur hjá Vegagerðinni, Harald Sigurðsson hjá Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar og Baldvin E. Baldvinsson hjá Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar. Í verkefninu er gerð umferðarspá fyrir árið 2024. Sömu aðferðum er beitt í því og voru staðfestar og sannreynðar 2006 en auk þess er beitt Pivot aðferð (Pivot-point procedure) til að jafna út skekkjur í framtíðarspám. Ennfremur var ráðgert að kanna hvort hægt væri að nota í líkaninu fjölda starfa í stað fermetra atvinnuhúsnæðis. Þar sem mun meiri tíma tók að nota Pivot aðferðina en ráðgert hafði verið, var ákveðið að minnka vægi þessarar þáttar í verkefninu og sótt um framhaldsverkefni í febrúar 2007 til að halda áfram með þennan hluta. Gert er ráð fyrir að honum ljúki í desember 2007.

Framtíðargatnanet var yfirfarið og uppfært í samvinnu við Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar, Hafnarfjörð og Mosfellsbæ. Skipulagstölur fyrir árið 2024 voru einnig yfirfarnar og uppfærðar að hluta til af Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar.

### Aðferð


Þrátt fyrir að aðgengi að gögnum sé oft á tíðum betri erlendis er framtíðin engu að síður alltaf erfið stærð að eiga við. Þess vegna eru algengar aðferðir við líkanagerð að spá fyrir breytingum miðað við grunnár í staðinn fyrir að spá eingöngu út frá framtíðaráætlunum. Þessar aðferðir eru oftast nefndar Pivot aðferðir. Pivot aðferðir í sinni einföldustu mynd ganga út á að spá fyrir um breytingu frá þekktu ástandi í stað þess að spá frá grunni, sem gerir umferðarflæði grunnársins kleift að haldast upp að vissu marki. Samkvæmt (Department for Transport UK) er mælt með því að byggja spár á grunnári á einn eða annan hátt nema að það séu sterk rök fyrir því að gera það ekki, t.d. ef um miklar breytingar á landnotkun er að ræða.

Í þessu verkefni var valið að beita Pivot aðferð sem byggir á (Daly et al) þar sem ferðafylki fyrir höfuðborgarsvæðið er rýnt með tilliti til 8 hugsanlegra aðstæðna sem geta komið upp varðandi uppbyggingu.

Mjög líklegt er að hægt væri að ná enn frekari árangri en náðst hefur í þessu verkefni, með því að kafa dýpra ofan í rannsóknir á pivot aðferðinni. Slík nákvæmnisvinna er þó orðin mjög fræðilegs eðlis og þar af leiðandi tímafrek. Erlendis fer slík vinna fram hjá umferðardeildum innan háskóla t.d hjá Tækniháskólanum í Kaupmannahöfn ([www.ctt.dtu.dk](http://www.ctt.dtu.dk)), Tækniháskólanum í Stokkhólmi ([www.infra.kth.se/ToL/](http://www.infra.kth.se/ToL/)), Tækniháskólanum í Noregi (<http://www.ntnu.no/bat/vs>) og Háskólanum í Leeds ([www.its.leeds.ac.uk](http://www.its.leeds.ac.uk)). Hérlandis eru hins vegar samsvarandi deildir ekki til.

### Helstu niðurstöður

Í þessu verkefni hefur verið unnin framtíðarspá með þeim aðferðum sem lagt var til í niðurstöðum verkefnisins “Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins” frá febrúar 2006. Stór hluti verkefnisins fór í að beita Pivot aðferð á umferðarspána til að fá raunhæfara umferðarflæði fyrir árið 2024. Þegar spáð er fyrir grunnári er alltaf hægt að taka mið af umferðartalningum sem gefa hugmynd um áreiðanleikann en í framtíðarspám vantar hinsvegar viðmið af því tagi. Taflan fyrri neðan sýnir dæmi um rýni á niðurstöðum, teknar voru fyrir svokallaðar sniðtalningar á öllu höfuðborgarsvæðinu og borið saman niðurstöður frá árinu 2004 (talningar, mat og spá) við spá fyrir 2024 með og án notkunar Pivot aðferðarinnar.



Tafla 1: Samanburður á umferðarflæði í sniði 1

Ávinningurinn af þessu verkefni er nýtt og áreiðanlegt umferðarlíkan fyrir höfuðborgarsvæðið 2024 sem ásamt verkefninu frá árinu 2006 mynda til samans fyrsta heildarumferðarlíkan sem unnið hefur verið frá grunni á Íslandi. Þetta heildarlíkan auðveldar því alla vinnu við t.d. umferðarspár, breytingar á skipulagstölum, greiningu á fjölda ekinna kílómetra ásamt frekari rannsóknum á t.d. gerð háannatímalíkans, notkun starfa í stað fermetra atvinnuhúsnæðis, tilgangi ferða, ferðavenjum, vali á ferðamáta svo eitthvað sé nefnt.

Þar sem spárnar byggja á áætlun um skipulagstölur getur verið vafasamt að festa eitt ákveðið ártal við niðurstöðurnar. Notendum er bent á að vera opnir fyrir því að sú uppbygging, sem gert er ráð fyrir, sé hugsanlega ekki raunhæf fyrr en seinna t.d. 2030 eða jafnvel síðar og ber því að líta frekar á niðurstöður sem sýnandi heildstæða, trúverðuga umferðarspá fyrir höfuðborgarsvæðið miðað við um 240.000 manna byggð og samþykktar skipulagsáætlanir.

## 2. INNGANGUR

Það verkefni sem hér eru gerð skil, er unnið í beinu framhaldi af rannsóknarverkefninu “Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins” frá febrúar 2006. Það er unnið í samvinnu við Auði Þóru Árnadóttur hjá Vegagerðinni, Harald Sigurðsson hjá Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar og Baldvin E. Baldvinsson hjá Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar. Í verkefninu er gerð umferðarspá fyrir árið 2024. Sömu aðferðum er beitt í því og voru staðfestar og sannreyndar 2006 en auk þess er beitt Pivot aðferð (Pivot-point procedure) til að jafna út skekkjur sem verða vegna þess að fermetrar atvinnuhúsnæðis eru notaðir í framtíðarspám. Framtíðargatnanet var yfirfarið og uppfært í samvinnu við Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar, Hafnarfjörð og Mosfellsbæ. Skipulagstölur fyrir árið 2024 voru einnig yfirfarnar og uppfærðar að hluta til af Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar.

Ennfremur var kannað hvort hægt væri að nota í líkaninu fjölda starfa í stað fermetra atvinnuhúsnæðis. Þar sem mun meiri tíma tók að nota Pivot aðferðina en ráðgert hafði verið, var ákveðið að skera þennan þátt úr verkefninu og sótt um framhaldsverkefni í febrúar 2007 til að halda áfram með þennan hluta. Gert er ráð fyrir að honum ljúki í desember 2007.

Afhending verkefnisins hefur dregist um 3 mánuði sökum þess að fleiri verkefni bættust við fyrir Reykjavíkurborg, Hafnarfjörð og Mosfellsbæ sem rétt þótti að hafa með í þessu.

Í þessari greinagerð er ekki farið nákvæmlega ofan í þær aðferðir sem útskýrðar eru í skýrslu frá 2006, en athygli er vakin á því að hægt er að nálgast þá skýrslu á heimasíðu Vegagerðarinnar. Verkefnið frá febrúar 2006 afmarkaðist við líkan sem að endurspeglaði umferðarflæði ársins 2004 og voru helstu niðurstöður eftirfarandi:

- Niðurstöður úr matshlutanum sýndu mjög góða nálgun eða einungis 8,4% meðalfrávik frá talningum. Þetta staðfesti gæði þeirra gagna sem unnið var með í matshluta verkefnisins, þ.e umferðartalningar og ferðavenjukönnun. Ennfremur staðfestir þetta gæði þeirra aðferða sem notaðar voru í matshlutanum. Niðurstöður úr spáhlutanum fyrir götur með umferð>5000 bílar/sólarhring (í hvora átt) voru einungis um 24%. Þetta eru langtum lægri frávik en þekkt höfðu í sambærilegum líkönum hér á landi. T.d. voru meðalfrávik líkansins frá 2001 28% fyrir matshlutann en 52% fyrir spáhlutann.
- Farið var gaumgæfilega yfir aðferðafræði líkansins og hún bætt. Á öllum sviðum náðust betri niðurstöður en áður höfðu náðst.
- Ávinningur þessa verkefnis var nýtt, áreiðanlegt umferðarlíkan fyrir höfuðborgarsvæðið með greinagerð sem útskýrði allt líkanið. Ennfremur heildarlíkan sem ræður t.d vel við umferðarspár, breytingar á skipulagstölum, háannatímalíkan, greiningu á fjölda ekinna km o.s.frv.
- Þar sem matshluti verkefnisins sýndi mun betri nálgun við umferðartalningar en spáhlutinn mæltu skýrsluhöfundar með því að notast yrði við svokallaða Pivot leiðréttingu í framtíðarspám. Henni er mjög oft beitt á umferðarlíkön, þar sem spáhluti fyrir grunnárið sýnir ekki eins góða nálgun við talningar og matshluti. Matshluta er þannig gefið mun meira vægi með því að reikna út leiðréttingastuðul fyrir framtíðarspár. Nánar er sagt frá þessari aðferð í 9. kafla
- Einnig mæltu skýrsluhöfundar með því að endurskoða formið á skipulagstölunum. Töldu þeir vænlegra að nota upplýsingar um fjölda starfa, eins og gert er víðast hvar erlendis, í stað fermetra atvinnuhúsnæðis.



**Skýrsluhöfundar þakka eftirtöldum aðilum fyrir veitta aðstoð:**

Auði Þóru Árnadóttur hjá Vegagerðinni

Baldvini E. Baldvinssyni hjá Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar

Haraldi Sigurðssyni hjá Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar.

Jim Lam og Kjartani Stefánssyni hjá Caliper Corporation.

Andrew Daly, Leeds University

## Skýringar á orðum og hugtökum

Aðdráttarflíslikan (Gravity model)	Sjá undir ferðadreifing
Aðhvarfsgreining (regression analysis)	Reikniaðferð til að finna línulegt samband milli einnar háðrar breytu og fleiri óháðra breyta. Þessari aðferð er oft beitt í ferðamyndun til að fá samband milli ferðafjölda og einhverra óháðra breyta eins og t.d skipulagstalna.
Ferðadreifing	Hlutlíkan í fjögurra þrepa líkaninu þar sem myндуðum og aðdregnum ferðum er dreift á milli reita.
Ferðamyndun	Hlutlíkan í fjögurra þrepa líkaninu þar sem myndaðar ferðir í reitum eru reiknaðar út.
Fjögurra þrepa líkan	Algengasta líkanauppbygging í heiminum. Byggir á því að fyrst eru reiknaðar myndaðar ferðir (ferðamyndun), þeim síðan dreift (ferðadreifing), ferðamáti fyrir hverja ferð valinn (val á ferðamáta) og ferðirnar síðan lagðar út á gatnanetið (álagsreikningar).
Gatnanet	Sýndargatnanet sem er líkan fyrir raunverulegt gatnakerfi.
Grunnfylki	Fylki sem inniheldur upplýsingar um ferðamynstur. Ýmist fylki úr eldri umferðarrannsóknnum eða ferðavenjukönnunum.
Mat á fylki (estimering)	Reikniferli þar sem umferðarflæði er metið út frá grunnfylki og umferðartalningum.
Makróumferðarlíkön	Langtímalíkön, t.d 50 ár fram í tímann fyrir stærri landssvæði, oft heilan landshluta.
Mesoumferðarlíkön	Langtímalíkön, en þó nær í tíma en makróumferðarlíkön, t.d 10 til 20 ár og oft fyrir minni svæði, t.d. borg eða bæ þar sem umferðarflæðið á stærri götum er tiltölulega vel þekkt.
MPME	Multiple path matrix estimation - aðferð til að meta fylki.
Mikrólíkön	Hermunarlíkön sem hafa almennt styttri tímaramma en makró og mesoumferðarlíkön, t.d. bara daginn í dag og er ætluð fyrir mun minni svæði t.d ein gatnamót eða nokkur samverkandi gatnamót.
OD-fylki	Fylki sem inniheldur upplýsingar um myndaðar (origins) og aðdregnar (destinations) ferðir.
Pivot	Aðferð þar sem leiðréttingarstuðlum er beitt til að gefa matshluta meira vægi en spáhluta í framtíðarumferðarspám.
Reiknilíkan umferðarlíkan	Verkfæri sem líkir eftir umferðarkerfum og mótast af framboði og eftirspurn. Framboðið er gatnakerfið og eftirspurnin er umferðin sem fer um kerfið.
Reitatenging	Sýndargata sem flytur umferð úr reit inn á hið eiginlega gatnanet.

Skipulagstölur	Upplýsingar um íbúafjölda og landnotkun.
Sniðtalningar	Umferðartalningar sem gerðar eru á hverju ári í Reykjavík. Sniðtalningarnar eru alltaf teknar á sama stað til að fylgjast með heildarfjölda bíla yfir ákveðin snið.
Stochastic User Equilibrium	Álagsaðferð, þar sem ferðafjöldi úr fylki er lagður út á gatnanet til að fá umferðarflæði.
Umferðarflæði	Fjöldi bíla í gatnakerfi. Getur verið skilgreint bæði sem bílar/klst og bílar/sólarhring.
Umferðarspá	Spá um umferðarflæði fyrir ákveðið ár þar sem ákveðnar breytur eru notaðar til að finna tengsl við ferðafjölda (t.d. skipulagstölur).
Val á ferðamáta	Hlutlíkan í fjögurra þrepa líkaninu þar sem ferðamáti er valinn, þ.e. val milli t.d. einkabíls, strætisvagns eða lestar.

### 3. MARKMIÐ VERKEFNISINS

Markmið verkefnisins var að búa til óflugt og áreiðanlegt líkan fyrir umferðarspár fyrir árið 2024 sem unnið væri í beinu framhaldi af verkefninu “Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins” frá febrúar 2006. Þar sem að niðurstöður síðarnefnda verkefnisins voru mjög góðar fyrir matshlutann, var ætlunin að nota Pivot leiðréttingu til að gefa honum meira vægi en spáhlutanum.

Ennfremur var kannaður möguleikinn á að nota í líkaninu fjölda starfa í stað fermetra atvinnuhúsnæðis.

#### 4. ALMENNT UM UMFERÐARLÍKÖN

Umferðarlíkan fyrir höfuðborgarsvæðið hefur verið notað hér á landi í nokkra áratugi. Aðallega til að meta framtíðarumferð við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins þar sem mismunandi möguleikar á uppbyggingu voru skoðaðir með tilliti til umferðar. Í þessu samhengi er oftast talað um umferðarspár. Þær eru einnig notaðar við hönnun umferðarmannvirkja, við mat á umhverfisáhrifum og útreikning á umferðarhávaða. Óhætt er að fullyrða að tekið hafi verið mið af umferðarspám að einhverju leyti þegar ákvarðanir voru teknar um nær allar stærri framkvæmdir á svæðinu. Þegar umferðarmannvirki eru hönnuð eru oftast gerðar þær kröfur að þau anni umferð eftir 20 ár. Það eru nær eingöngu umferðarspár umferðarlíkansins sem gefa þær forsendur sem þá er unnið með.

Umferðarspár koma víða við sögu og skipa veigamikinn sess við skipulag og hönnun umferðarmannvirkja.

Að ýmsu þarf að hyggja og ýmislegt jafnvel að varast þegar umferðarlíkön eru notuð. Þau eru í eðli sínu margþætt og í þeim eru misstórir og mismikilvægir óvissuþættir. Oft er tilhneiging til að trúá blint á hvers kyns líkön og því verður sá sem notfærir sér niðurstöður umferðarlíkana að hafa aðgang að þeim óvissuþáttum sem eru til staðar, hversu stórir þeir eru og hvernig þeir geta haft áhrif á viðkomandi verkefni.

Bækur og jafnvel bókaflokkar hafa verið skrifaðir um líkön, uppbyggingu þeirra og flokkanir. Það sem er sammerkt þeim öllum er grunnflokkun sem kallast makró, mesó og mikró sem má útskýra á eftirfarandi hátt:

- Makróumferðarlíkön eru langtímalíkön, t.d 50 ár fram í tímann fyrir stærri landssvæði, oft heilan landshluta.
- Mesoumferðarlíkön eru einnig langtímalíkön en þó nær í tíma, t.d 10 til 20 ár. Oft fyrir minni svæði, t.d. borg eða bæ þar sem umferðarlæðið á stærri götum er tiltölulega vel þekkt.
- Mikrólíkön eru það sem kallast hermunarlíkön og hafa almennt styttri tímaramma, t.d. daginn í dag. Þau eru ætluð fyrir mun minni svæði, t.d ein gatnamót eða nokkur samverkandi gatnamót.

Það sem aðskilur þessa þrjá flokka er fyrst og fremst stærð svæðisins sem um ræðir og tímaramminn. Nákvæmni líkana er í öfugu hlutfalli við stærð svæðisins. Hermunarlíkön eru því með mesta nákvæmni en makrólíkön með minnsta. Skilin á milli makró og mesó líkana geta oft verið frekar óljós og til einföldunar er því gjarnan aðeins talað um makrólíkön og mikrólíkön. Umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins telst í því samhengi vera makrólíkan. Líkan fyrir t.d gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrabrautar væri hinsvegar mikrólíkan eða hermunarlíkan.

Þessi líkön eru í eðli sínu ólík og það er ekki hægt að búast við að makrólíkan, eins og umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins, sé nothæft til að áætla stærð nýrra gatnamóta án frekari athugana. Vissulega ætti umferðarlæði makrólíkansins á helstu umferðaræðum að gefa ákveðna vísbendingu en þegar kemur að því að áætla beygjustrauma fyrir ný gatnamót er innsæi sérfræðingsins ugglaut öruggeri aðferð. Sú vísa verður aldrei of oft kveðin að notandi líkansins hafi gott aðgengi að þeim óvissuþáttum sem í því eru.



## 5. FRAMBOÐ

Hugtök hagfræðinnar, framboð og eftirspurn, eru oft notuð í umferðarfræðum. Þá er gatnakerfið framboðið en eftirspurnin er umferðarflæðið sem notfærir sér gatnakerfið.

### 5.1 Gatnanet

Ákveðið var að miða framtíðargatnanet við Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins ásamt aðalskipulagi sveitarfélaganna. Þó komu Reykjavík, Hafnarfjörður og Mosfellsbær öll inn með aukafjárveitingu í verkið til að endurbæta og yfirfara gatnakerfi og reitaskiptingu framtíðar innan sinna marka.<sup>1</sup>

Akreinafjöldi gatnanna var breytt í samræmi við lista í greinargerð með Svæðisskipulagi, ásamt upplýsingum frá áður nefndum sveitarfélögum.

Orðinn er til grunnur sameinaðra skipulaga þar sem hægt er að kveikja og slökkva á götum eftir þörfum. Upplýsingadálkum fyrir 2024 var bætt inn í gatnanetskrána sem gefa til kynna breyttar götur og nýjar götur. Þessir dálkar gera notendum líkansins kleift að velja nýjar og breyttar götur.

Nýjum götum, sem bætt var inn, var skipað í flokka í samræmi við fyrri vinnu þannig að:

- Reitategingar fá númerið 9
- Nýjar stofnbrautir fá númerið 5
- Nýjar tengibrautir fá númerið 4
- Nýjar minni götur fá númerið 3

Götur sem eru ekki með í keyrslum umferðarlíkansins fá aftur á móti númerin 1 og 2. Þannig er hægt að slökkva á stökum götum með því að færa þær úr flokkum 3-9 yfir í 1 eða 2.

---

<sup>1</sup> Send voru bréf á önnur sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins og þeim gefinn kostur á að gera slíkt hið sama.

Nýjar götur sem bættust við eru þessar (sjá kort 16 í viðauka 3):

1. Sundabraut frá Sæbraut að Vesturlandsvegi
2. Hallsvegur lengdur að Sundabraut og upp í Úlfarsfell
3. Nýr Vesturlandsvegur
4. Nýja Hringbrautin
5. Tenging á milli gömlu og nýju Hringbrautar
6. Álftanesvegur lengdur frá Engidal að Reykjanesbraut sem stofnbraut og frá Reykjanesbraut að Elliðavatnsvegi sem tengibraut
7. Arnarnesvegur frá Reykjanesbraut að Breiðholtsbraut
8. Hafravatnsvegur frá Suðurlandsvegi að Hallsvegi með tengingu inn á Reynisvatnsveg.
9. Hlíðarfótur
10. Öskjuhlíðargöng
11. Kópavogsgöng
12. Nýtt hringtorg við Skúlatún
13. Götur í Úlfarsfelli
14. Nýr Krýsuvíkurvegur
15. Tengibraut á Álfsnesi frá Sundabraut að Vesturlandsvegi
16. Ný lega á Elliðavatnsvegi
17. Korpúlfsstaðavegur
18. Kaldárselsvegur
19. Ný lega Reykjanesbrautar
20. Ofanbyggðarvegur í Hafnarfirði
21. Ásvallabraut í Hafnarfirði
22. Götur í nýju iðnaðarhverfi í Hafnarfirði
23. Tunguvegur Mosfellsbæ
24. Augað Mosfellsbæ
25. Aðrar minni götur í Mosfellsbæ

Þeim götum sem var breytt eru eftirfarandi:

1. Suðurlandsvegur, fjórar akreinar austur fyrir Norðlingaholt
2. Vesturlandsvegur, sex akreinar að Víkurvegi
3. Hallsvegur, fjórar akreinar frá Víkurvegi að Strandvegi
4. Núverandi Úlfarsfellsvegur settur í götuflokk 2 og er þar með ekki lengur með í útreikningum. (sjá lið 13 hér að ofan)
5. Reykjanesbraut tvöfölduð inn í gegnum allan Hafnarfjörð.
6. Höfðabakki/Stekkjarbakki tvöfaldaður frá Bæjarháls að Reykjanesbraut
7. Mýrargata tvöfölduð
8. Sæbraut gerð sex akreinar frá miðbæ að Höfðatúni.
9. Núverandi Elliðavatnsvegur að Vífilsstaðaveg settur í götuflokk 2 og er því ekki með í útreikningum (sjá lið 16 hér að ofan)
10. Vífilsstaðavegur tengdur við Garðaholtsveg
11. Núverandi Arnarnesvegur settur í flokk 2 við hesthús í Kópavogi (sjá lið 7 hér að ofan)
12. Nýbýlavegur tvöfaldaður við Hafnarfjarðarveg og nýja byggð við Lund.
13. Hafnarfjarðarvegur þrefaldaður frá Nýbýlavegi að Arnarnesvegi.
14. Gömlu Hringbrautinni breytt úr fjögurra akreina vegi í tveggja og hraðamörk lækkuð úr 70 í 50.
15. Vatnsmýrarvegur sem mætti Njarðargötu áður tengist nú eingöngu inn á Hringbrautina og er í flokki 2 og því ekki með í keyrslum.
16. Sóleyjargata verður tvístefnugata
17. Álftanesvegur frá Flatahrauni að Reykjanesbraut gerður að stofnbraut og hraðmörk hækkuð
18. Njarðargata gerð fjögurra akreina og hraðamörk samræmd í 60 alla leið.

## 5.2 Beygjubönn

Nauðsynlegt er að fjölga talsvert beygjubönnum fyrir netið 2024 þar sem margar nýjar götur hafa bæst við. Nýju beygjubönnin eru aðallega í kringum mismislag gatnamót Hringbrautar og Vesturlandsvegur þar sem aðrar nýjar götur eru teiknaðar inn og því þarf ekki að skilgreina beygjubönn nema að litlu leyti. Strætisvagnagötum við Hlemm er lokað fyrir umferð þar sem líkanið er eingöngu fyrir bílaumferð.

## 5.3 Reitir og reitategingar

Reitir framtíðar eru 312 talsins, eða 70 fleiri en fyrir grunnárið 2004. Ástæðan fyrir þessari miklu aukningu er að Reykjavíkurborg, Mosfellsbær og Hafnarfjörður lögðu til aukafjárveitingu til að bæta og lagfæra reitaskiptingu í Úlfarsfelli, Geldinganesi, Vatnsmýri, Mosfellsbæ og Hafnarfirði. Eftirfarandi breytingar voru gerðar á reitaskiptingu:

1. Reitur 400 - nýr landspítali (Rvk)
2. Reitur 401 - hluti af gamla reit 51 í Vatnsmýri (Rvk)
3. Reitur 402 - Geldinganes atvinnusvæði (Rvk)
4. Reitur 236 - External reitur við Kaldárselsveg. Í því samhengi er Kaldárselsvegi öllum bætt inn í gatnanetið (Hf)
5. Gamla reit 134 skipt í 403,404 og 134 (Rvk)
6. Reit 135 skipt í 135 - 405 - 406-407-408-409 (Rvk)
7. Reit 225 skipt í 410-411-412-414 og 225 (Rvk)
8. Reit 137 skipt í 137-415 og 416 (Rvk)
9. Reitur 140 breytist í 417-418 og 419 (140 dettur út)
10. Reitur 136 skipt í 136 og 420 (Rvk)
11. Reit 208 skipt í 600,601 og 208.(Hf)
12. Reit 211 skipt upp í 211,605,606,607,608,609 og 619 (Hf)
13. Reit 212 skipt upp í 212, 604 og 610 (Hf)
14. Reit 611,612 og 613 bætt við (Hf)
15. Reit 214 skipt í 214, 614, 620 og 621 (Hf)
16. Reit 216 skipt í 216,615,616 og 617 (Hf)
17. Reit 213 skipt í 213 og 618 (Hf)
18. Reitum 241, 242 og 243 bætt við á Kjalarnesi (Rvk)
19. Reit 218 skipt niður í 218,500 og 501 (Mos)
20. Reit 219 skipt í 219 og 502 (Mos)
21. Reit 220 skipt í 220,515,516 og 523 (Mos)
22. Reit 223 skipt í 223,512,513 og 514 (Mos)
23. Reit 224 skipt í 224,509,510 og 511 (Mos)
24. Reit 222 skipt í 222,507 og 508 (Mos)
25. Reit 221 skipt í 221,503,504,505,506,517 og 524 (Mos)
26. Reitum 518,519,520,521 og 522 bætt við (Mos)

70 reitum hefur því verið bætt við og heildarfjöldi reita er því orðinn 312 en hann var 242 fyrir árið 2004. Kort 9-15 í viðauka 3 sýna reitaskiptingar fyrir allt höfuðborgarsvæðið, skipt eftir sveitarfélögum.


## Samantekt framboðs

	Líkan 2001	Líkan 2005	Líkan 2006 fyrir 2024
Gögn frá árinu	1998	2004	2004-2006
Reitafjöldi	233	242	312
Fjöldi götukafla	1200	2869	3157

**Tafla 2:** Samantekt framboðs eftir mismunandi líkönum

### 6. EFTIRSPURN

Eftirspurnin eftir gatnakerfinu, eða umferðarflæðið, er kjarni umferðarlíkansins. Annarsvegjar er leitast við að fá umferðarflæði sem líkir eftir þekktum aðstæðum og hinsvegjar að spá fyrir um umferðarstrauma framtíðarinnar. Umferðartalningar eru þær þekktu aðstæður sem miðað er við fyrir grunnárið 2004. Eðlilega eru ekki til þekktar aðstæður í framtíðinni og því byggir spáin á þeim jöfnum og hlutlíkönum sem löguð (kalibreruð) eru fyrir grunnárið. Umferðarlíkanið er því byggt upp í þremur hlutum. Fyrstu tveir hlutarnir, matshluti og spáhluti 2004 voru unnir í verkefninu “Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins”. Þriðji hlutinn, spáhluti 2024, byggir á fyrstu tveim hlutum og er viðfangsefni þessa verkefnis.



**Mynd 1:** Uppbygging umferðarlíkans höfuðborgarsvæðisins, fyrstu tveir hlutarnir – Matshluti 2004 og Spáhluti 2004 voru unnir árið 2005. Þriðji hlutinn – Spáhluti 2024 er viðfangsefni þessa verkefnis.

Matshluti 2004 er svokallað mat á fylki (estimering) þar sem umferðartalningar á svæðinu eru notaðar ásamt niðurstöðum úr ferðavenjukönnun í ákveðnu reikniferli til að finna ferðafjölda á svæðinu. Niðurstöðurnar eru svo bornar saman við þekktar umferðartalningar.


Spáhluti 2004 felur í sér gerð svokallaðs spáðs fylkis þar sem notast er við skipulagstölur fyrir höfuðborgarsvæðið til að búa til hinar eiginlegu umferðarspár. Niðurstöður eru bornar saman við þekktar talningar.

Til að framkvæma spáhluta 2024, sem er hin eiginlega spá um framtíðarumferð, þarf að notast við fylki og reikniferla úr fyrstu tveimur hlutum líkansins ásamt skipulagstölum.

## 7. SPÁHLUTI 2024

Til að spá fyrir umferð 2024 er beitt því sem kallast hið hefðbundna fjögurra þrepa líkan í spáhluta umferðarlíkansins. Þrepin 4 eru ferðamyndun, ferðadreifing, val á ferðamáta og álagsreikningar. Þriðja þrepið, val á ferðamáta, hefur aldrei verið notað hér á landi þar sem notkun almenningsfarartækja er talin það lítil að hún hafi lítið sem ekkert vægi í reikningunum.

Flæðirit fyrir gögn og uppbygging líkansins fyrir árið 2024 sést á mynd 2:



**Mynd 2:** Flæðirit fyrir gögn og uppbyggingu líkans fyrir árið 2024

### 7.1 Ferðamyndun - útreikningar

Upphaf spáhluta fyrir árið 2024 er að reikna út ferðamyndun í öllum reitum. Ferðamyndunin byggir á jöfnu sem var fengin með tölfræðilegum aðferðum í verkefninu “Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins” frá febrúar 2006 Jafnan er samansett úr föstum sem skipulagstölurnar eru margfaldaðar með á eftirfarandi hátt:

$$\text{Ferðir} = 1,85 * \text{íbúar} + 0,14 * \text{m}^2 \text{ verslun og skrifstofur} + 0,04 * \text{m}^2 \text{ annað atvinnuhúsnæði}$$

Þannig fæst út ferðafjöldi í öllum reitum líkansins. Samanlangður ferðafjöldi eftir þetta skref er 1.146.339.

#### 7.1.1 Skipulagstölur

Þær skipulagstölur sem notaðar eru í þessu verkefni eru fengnar frá Reykjavíkurborg og eru áætlaðar fyrir árið 2024. Auk þeirra var farið yfir skipulagstölur í reitum í Úlfarsfelli, Vatnsmýri, Geldinganesi, Hafnarfirði og Mosfellsbæ. Verkefnið fyrir Hafnarfjörð og Mosfellsbæ er reyndar ennþá í gangi þannig að skipulagstölur sem notaðar eru í þessu verkefni fyrir þau svæði byggja á

grunnögnum frá Reykjavík fyrir árið 2024. Gert er ráð fyrir að Hafnarfjörður og Mosfellsbær verði komnir uppfærðir inn í líkanið í lok sumars 2007. Lista yfir skipulagstölurnar má finna í viðauka 1

## 7.2 Ferðadreifing og álagsreikningar

Ferðafjöldanum sem fæst úr ferðamynduninni er dreift með aðráttarafslíkani (gravity model). Það byggir á þeirri hugmynd að ferðafjöldinn milli reitapars sé í hlutfalli við þær ferðir sem myndast og dragast að reitaparinu. Ennfremur er gert ráð fyrir því að umferðin sé háð fjarlægðinni milli reitaparsins þannig að því styttra sem er á milli, því meiri verður umferðin. Niðurstöður úr aðráttarafslíkaninu er OD-fylki sem síðan er lagt út á gatnanetið með álagsreikningum til að fá út umferðarflæði. Þannig eru þrepin ferðadreifing og álagsreikningar mjög nátengd. Það skal tekið fram að sömu aðferðum er beitt í þessu verkefni og í verkefninu "Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins" frá febrúar 2006, þ.e sömu stillingar í aðráttarafslíkaninu og Stochastic User Equilibrium álagsaðferðinni.

## 8. ÁREIÐANLEIKI FRAMTÍÐARSPÁR

Það getur verið erfitt að meta áreiðanleika framtíðarspár. Þegar spáð er fyrir grunnári er alltaf hægt að taka mið af umferðartalningum sem gefa hugmynd um áreiðanleikann en í framtíðarspám vantar hinsvegar viðmið af því tagi. Nauðsynlegt er að skoða niðurstöður gagnrýnum augum og notast við upplýsingar sem tiltækar eru til að finna hugsanlega óeðlileg frávik.

Í þessu verkefni komu óeðlileg frávik fram þegar fjöldi ferða á íbúa var skoðaður í framtíðarspánni. Samkvæmt spánni á ferðum á hvern íbúa að fjölga úr u.þ.b 4,0 á dag miðað við spá 2004 upp í u.þ.b. 4,8 ferðir á dag miðað við spá 2024. Þar sem lítið sem ekkert bendir til þess að ferðamynstur eigi eftir að breytast á höfuðborgarsvæðinu í þessa átt, þykir þetta ólíkleg þróun. Matshluti úr verkefni frá 2006 gerir ráð fyrir um 4,5 ferðum á hvern íbúa. Skipulagstölur voru því rýndar og kom í ljós að fjölgun ferða á íbúa virtist stafa eingöngu af aukningu í verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þó svo að raunin verði sú að fermetrar verslunar- og skrifstofu eigi eftir að aukast á hvern íbúa, þá var sýnt í verkefninu frá 2006, að lítil tenging er á milli stærri húsnæðis og meiri ferðamyndunar og þetta því talin sem óeðlileg frávik.

	spá 2004	spá 2024	Aukning frá 2004 til 2024
Íbúar	180.999	239.514	58.515
Verslun og skrifstofur	1.631.995	3.215.709	1.583.714
Annað	4.064.340	5.710.356	1.646.016
Atvinnuhúsnæði samtals	5.696.395	8.926.065	3.229.670
m <sup>2</sup> verslun og skrifstofur/ íbúa	9,02	13,43	49%
m <sup>2</sup> Annað / íbúa	22,46	23,84	6%
m <sup>2</sup> Atvinnuhúsnæði / íbúa	31,47	37,27	19%

Tafla 3: Fjölgun í m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæðis á hvern íbúa

Í töflu 3 má sjá að aukningin milli áranna 2004 og 2024 í fermetrum verslunar- og skrifstofuhúsnæðis á hvern íbúa er 49% og fermetrar annars atvinnuhúsnæðis á hvern íbúa er 6%. Alls gefur þetta um 19% aukningu í fermetrum atvinnuhúsnæðis á hvern íbúa. Til þess að reyna að heimfæra þessa aukningu á ferðafjöldann var notast við stuðla úr ferðamyndunarjöfnu, sjá töflu 4 fyrir neðan:

	Ofmat á m <sup>2</sup> /íbúa	Faktor úr ferðamyndunarjöfnu	Ofmat á ferðum/íbúa	Ofmat á ferðum samtals	Ofmat á ferðum [%]
Verslun og skrifstofur	4,41	0,14	0,62	147.855	13,0%
Annað	1,39	0,04	0,06	13.282	1,2%
Samtals	5,80		0,67	161.137	14,2%

Tafla 4: Útreikningur á ofmati ferða

